

**Ed.**

**940. Nefndarálit**

**[10. mál]**

um frv. til l. um rétt foreldra til leyfis frá störfum vegna umönnunar barna.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Frumvarpið hefur verið rætt ítarlega á fundum nefndarinnar. Umsagnir bárust frá Jafnréttisráði, Kvenréttindafélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Kvenfélagsambandi Íslands og Bandalagi kvenna í Reykjavík.

Töldu allir umsagnaraðilar nema Vinnuveitendasamband Íslands frumvarpið taka á brýnu réttindamáli foreldra ungra barna en jafnframt að ýmsar lagfæringar yrði að gera á frumvarpinu til þess að sá réttur, sem það kveður á um, yrði sem best tryggður.

Með tilliti til athugasemda umsagnaraðila flytur minni hl. breytingartillögur við frumvarpið á sérstöku þingskjali og leggur til að með þeim breytingum verði frumvarpið samþykkt.

Alþingi, 16. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir,  
frsm.

Helgi Seljan.